



# Knattspyrnufélagið **HAUKAR**

Stofnað 12. apríl 1931



## Ársskýrsla 2016

## Efnisyfirlit

A.	Inngangur .....	3
B.	Aðalstjórn Hauka .....	5
C.	Starfsnefndir .....	5
D.	Leikjaskóli barnanna.....	6
E.	Íþróttaskóli Hauka .....	6
	Halldið í horfinu.....	7
	Íþróttaskólinn skiptist í þrjá hluta. ....	8
	Yfirlit yfir starfsemi .....	9
	Samantekt .....	10
F.	Frístundaheimili Hauka .....	10
G.	Afreksskóli Hauka .....	11
H.	Barna- og unglingaráð .....	12
I.	Skákdeild .....	12
J.	Öldungaráð Hauka .....	12
K.	Haukar 85 ára .....	13
L.	Íþróttahátíð Hauka .....	15
M.	Getraunaleikur Hauka .....	17
N.	Minningar- og styrktarsjóður Hauka .....	18
O.	Félagsráð Hauka .....	18
P.	Haukar í horni - stuðningsmenn.....	18
Q.	Almenningsíþróttadeild.....	18
R.	Knattspyrnudeild.....	23
S.	Handknattleiksdeild .....	27
T.	Körfuknattleiksdeild .....	30
U.	Karatedeild .....	33
V.	Verklegar framkvæmdir .....	36
W.	Blak .....	37
Y.	Golf.....	39
Z.	Veiði .....	41
AA.	Rekstrarfélag Hauka ehf .....	41
BB.	Haukavellir ehf.....	41



CC.	ÍBH .....	43
DD.	Fjármál.....	44
EE.	Hafnarfjarðarbær .....	45
FF.	Lokaorð.....	47

Fylgiskjöl:

Ársreikningur aðalstjórnar 2016

Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf 2016

## Ársskýrsla Aðalstjórnar Hauka starfsárið 2016

### A. Inngangur

Nú er 85 ára afmælisár Hauka að líða og verður að segja að afmælisbarnið ber aldurinn vel hvert sem litið er. Þar ber hæst að uppbygging íþróttamannvirkja á Ásvallasvæðinu er hafin og glæsilegur árangur íþróttafólks Hauka á liðnu ári.

Seinni hluti síðasta vetrar og vor var með því allra besta sem Haukar hafa upplifað þegar 4 meistaraflokkslið Hauka spiluðu til úrslita á sama tíma um Íslandsmeistarátitlana í handbolta og körfubolta. Önnur eins skemmtun og spenna sem var hér á Ásvöllum síðast liðið vor verður öllum Haukamönnum mjög eftirminnileg.

Segja má að körfuboltalið karla og handboltalið kvenna hafi að margra álit komist óvænt í úrslitin en þau hafa hvorugt verið þar undanfarin ár enda verið bæði í mikilli uppbyggingu. Þessi lið bæði stóðu einstaklega vel fyrir sínu og veittu andstæðingum sínum harða keppni.

Kvennaliði Hauka í körfunni var spáð Íslandsmeistaratitli fyrir liðið keppnistímabil þrátt fyrir að liðið spilaði eitt liða án erlends leikmanns. Liðið varð deildarmeistari örugglega en tapaði síðan í hreinum úrslitaleik við Snæfell. Meiðsli lykilleikmanna liðsins settu mjög strik í reikninginn í lokaleikjum liðsins.

Karlalið Hauka sannaði síðan enn og aftur hvaða handboltalið í karlaflokki er best hér á landi með því að vinna enn einn Íslandsmeistaratitilinn í karlaflokki hér að Ásvöllum og endurtók árangur sinn frá fyrra ári. Glæsilegur titill þessa samhenta liðs okkar Haukamanna þar sem uppistaða leikmanna kemur úr starfi félagsins. Karlalið Hauka í handbolta átti fyllilega skilið útnefninguna Íþróttalið Hafnarfjarðar á viðurkenningarhátíð ÍBH um daginn.

Sumarið var einnig gott þar sem kvennaliðið í knattspyrnunni fór verulega fram úr væntingum og vann deildarmeistaratitil í 1.deild og komst upp í efstu deild. Liðið sem hefur verið að ganga í gegnum töluverða endurnýjun sprakk eftirminnilega út á liðnu sumri. Liðið er hlaðið ungum og uppöldum knattspyrnukonum sem eru að koma upp úr starfi Hauka. Gríðarlega ánægjulegur árangur sem vonandi næst að byggja ofan á í deild þeirra bestu.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu sem einnig er hlaðinn ungum uppöldum Haukastrákum héldu áfram uppbyggingarstarfi þess liðs. Liðið náði ekki að fylgja eftir

góðum árangri síðasta keppnistímabils en miklar vonir eru bundnar við komandi keppnistímabil að strákarnir springi nú alveg út og sýni að fullu hvað í þeim býr.

Hlauparar Almenningsdeildar stóðu í ströngu í mörgum hlaupum innanlands sem utan á árinu. Hvítasunnuhlaup deildarinnar sem vex í fjölda ár frá ári og er talið eitt af bestu hlaupum hvers árs var hápunktur sumarsins.

Karatedeildin hefur einnig staðið sig vel á árinu og eru ungt og efnilegt karatefólk að koma upp innan deildarinnar sem vonir eru bundnar við að verði í fremstu röð á næstu árum.

Blakdeildin er einnig að vaxa þar sem nýliðahópur hefur hafið æfingar.

Framkvæmdir við byggingu nýs íþróttasalar hófust í byrjun ársins við mikinn fögnuð okkar Haukamanna. Mikil ánægja er innan félagsins að nú sé loks að ljúka langri baráttu okkar fyrir að reisa nýjan æfingasal við Ásvelli. Baráttu sem staðið hefur yfir frá árinu 2005. Salurinn verður alger bylting fyrir starf okkar Haukamanna eftir að hann verður tekinn í notkun í febrúar 2018 gangi áætlanir eftir. Haukar munu geta boðið iðkendum sínum uppá mun betri æfingatíma og alla æfingatíma hér á Ásvöllum, niðurfelling æfingatíma verður alger undantekning. Æfingasalurinn er það stór að tveir hópar í körfu munu auðveldlega geta æft á fullan völl samtímis. Þannig mun tveir hópar í handbolta og 2 hópar í körfu æfa á sama tíma að Ásvöllum. Í ár hefur verið unnið að hönnun hússins þar sem hönnuðir á vegum Hauka hafa styrkt félagið með vinnuframlagi við hönnun hússins. Þakka ber sérstaklega Hauki Eiríks og félögum á verkfræðistofunni Hnit, Tryggva Jónssyni og félögum á Mannvit verkfræðistofu og Auðunni Karlssyni rafmagnstæknifræðingi sérstaklega fyrir þeirra frábæru vinnu fyrir Hauka. Ómetanlegt er fyrir félagið okkar að hafa svo öfluga bakhjarla.

Á þessu ári munu sjálfboðaliðar Hauka og stuðningsfyrirtæki þurfa að koma verulega að framkvæmdinni. M.a. er gert ráð fyrir að sjálfboðaliðar Hauka komi að vinnu við að leggja parketið á gólfið sem verður væntanlega að ári liðnu. Eins og áður þá treystum við forsvarsmenn Hauka á að sjálfboðaliðar Hauka fjölmenni í þau afmörkuðu verkefni sem Haukum verður falið við uppbyggingu hússins.

Haukar eru frumkvöðlar í að reka frístundaheimili sem gengið hefur mjög vel frá upphafi. Mikil ánægja foreldra hefur verið með starfseminna þannig að fullt hefur verið út úr dyrum í starfsemi heimilisins. Biðlistar hafa verið þar sem ekki hefur verið hægt að taka við fleiri börnum. Að samtengja skóla og íþróttastarf er jákvætt fyrir félagið okkar þar sem börnin venjast og sjá fyrirmyndir sínar í íþróttum á hverjum degi í glæsilegu íþróttafólki okkar Hauka.

Frekari uppbygging á svæði okkar Haukamanna er fyrirhuguð en næsta verkefni sem ráðast þarf í hér á svæðinu er bygging á knattspyrnuhúsi. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar hér á Ásvöllum er ekki boðleg yfir vetrarmánuðina eins og margoft hefur komið fram hjá íbúum hér á svæðinu hér í nágrenni Ásvalla. Ekki er hægt að sætta sig við mikið lengur að æfingar falli niður vegna veðurs eins og gjarnan gerist yfir vetrarmánuðina. Undirbúningur okkar Haukamanna að þessari uppbyggingu er nú í fullum gangi og hefur erindi verið sent til bæjarfélagsins þar sem óskað er eftir að Haukar fái að byggja íbúðir hér á Ásvöllum, þ.e.s. allur ágóði af þeim byggingum færi í að fjármagna byggingu á stóru knattspyrnuhúsi.

## B. Aðalstjórn Hauka

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 1. mars í Samkomusalnum og hófst hann kl 18. Venju samkvæmt var fjölmenni á fundinum. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson.

Kosningu í stjórn félagsins hlutu: Formaður Samúel Guðmundsson, varaformaður Valgerður Sigurðardóttir og gjaldkeri Guðborg Halldórsdóttir.

Aðrir tilnefndir af deildum í stjórn félagsins.

Frá Handknattleiksdeild Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir

Frá Knattspyrnudeild Ágúst Sindri Karlsson og Jón Björn Skúlason

Frá Körfuknattleiksdeild Brynjar Örn Steingrímsson og Guðlaugur Ásbjörnsson

Frá Karatedeild Kristján Ó Davíðsson

Frá Almenningsdeild Anton Magnússon

Frá Félagaráði Bjarni Hafsteinn Geirsson

Skoðunarmenn ársreiknings voru kosin þau Ása Karen Hólm og Viðar Jónsson.

Brynjar Örn Steingrímsson vék fljótlega úr stjórn og í hans stað kom Kjartan Freyr Ásmundsson.

Stjórnin hélt 10 bókaða stjórnarfundum á árinu.

## C. Starfsnefndir

Eftirtaldar starfsnefndir eru starfandi:

**Minningar- og styrktarsjóður Hauka:** Formaður Bjarni Hafsteinn Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

**Orðunefnd:** Formaður Hafteinn Ellertsson, Elva Guðmundsdóttir og Sverrir Hjörleifsson.

**Afmælisnefnd vegna 85 ára afmælis:** Magnús Gunnarsson formaður, Ingimar Haraldsson, Guðrún Helgadóttir, Anton Magnússon og Þórunn Snorradóttir.

## **Fulltrúar Hauka í framkvæmdanefnd með Hafnarfjarðarbæ um uppbyggingu**

**Ásvalla:** Samúel Guðmundsson og Þorgeir Haraldsson. Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri félagsins starfar með nefndinni.

**Fulltrúar í stjórn ÍBH:** Magnús Gunnarsson og Samúel Guðmundsson (til vara).

## **D. Leikjaskóli barnanna**

Starfsemi skólans hefur verið með hefðbundnum hætti, þ.e. fyrir hádegi á laugardögum í tveimur aldursflokkum 2ja til 5 ára. Um 70 börn sækja skólann yfir vetrartímann sem Albert Magnússon stýrir ásamt með 3 aðstoðarmönnum.

## **E. Íþróttaskóli Hauka**

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin níu talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar lagt var af stað í byrjun lá ekki ljóst fyrir hvernig við ætluðum að fara að því að standa við þau stóru orð að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir alla en með markvissri vinnu og með því að halda sama starfsfólkinu milli ára hefur okkur tekist að skapa íþróttaskóla sem getur staðið undir því að geta tekið á móti öllum.

Íris Óskarsdóttir og Emil Barja sáu um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Emil hefur séð um stjórn skólans síðustu þrjú ár ásamt Alexöndru Hödd en Íris var fengin í þetta verkefni þetta sumar.

Knattspyrnuskólinn var kenndur í allt sumar þar sem aðsókn í hann hefur alltaf verið mikil og jókst sóknin enn meira þetta sumarið. Ákveðið var að prufa að hafa Knattspyrnuskólann einnig í boði eftir hádegi í júní og ágúst. Í júní og ágúst var boðið upp á handbolta- og körfuboltaskóla líkt og fyrri ár. Fyrir þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu þau sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var uppá í allt sumar fyrir og eftir hádegi.

Eins og síðustu sjö sumur buðu Haukarnir uppá námskeið í júlí fyrir börn á aldrinum 2-5 ára þegar leikskólar bæjarins fóru í frí. Það er námskeið í anda leikjaskóla barnanna og hefur það vakið mikla lukku og voru um 150 börn sem komu á þær þrjár vikur sem í boði voru. Það hafa til að mynda foreldrar úr öðrum bæjarfélögum nýtt sér það enda sjaldgæft að íþróttafélög bjóði uppá námskeið fyrir þennan aldurshóp að sumri til. Fengu við mikið lof og hrós fyrir námskeiðið og foreldrar voru mjög sáttir með þetta framtak.

Fyrir þrem árum var ákveðið að bjóða upp á handbolta - og körfuboltaæfingar fyrir krakka á aldrinum 12-16 ára seinni partinn (milli 16-18). Það var ákveðið að halda áfram með þessar æfingar þar sem margir iðkendur á þessum aldri eru byrjaðir að

vinna á daginn og því er þessi tími tilvalinn til að sem flestir geti mætt. Þessar æfingar er tilvaldar til að halda í við afreksstarf sem er í gangi hjá Haukum og gerir iðkendunum kleift á að æfa aukalega yfir sumarið. Þetta hentar einnig mjög vel þar sem mikið af yngra starfsfólkinu okkar mætti á þessar æfingar og fór því á æfingu beint eftir vinnu.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Sverrir Þór Sverrisson vallarstjóri Hauka stjórnaði því verkefni og gekk það með þryði og sjaldan hefur það gengið eins vel og síðasta sumar.

### **Haldið í horfinu.**

Sumarið 2016 varð bæði fjölgun á börnum og yngri starfsmönnum en þeir voru alls 100 í sumar. Veðrið var virkilega gott í allt sumar og í nokkur skipti var tekið upp á því að færa körfu- og handknattleiks námskeiðin út á skólalóð í góða veðrið.

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum. Það var þó ákveðið að stilla hækkunum í hóf og hækkaði hálf vika úr 5000,-kr í 5500,-kr og heill dagur með hádegismat úr 10.000,-kr í 13.500,-kr. Þetta var að okkar mati mjög sanngjörn hækkun í ljósi hækkanna í samfélaginu og heyrðust engar gagnrýnisraddir.

Skráningar í ár voru 835 á móti 860 sumarið á undan sem gerir 3% fækkun frá því sumrinu en áður. Starfsmenn íþróttaskólans voru 92 á móti 100 starfsmönnum í fyrra. Mun færri starsfólk sótti um í íþróttaskólanum í sumar heldur en síðustu ár.

Nýir yfirmenn voru á flestum námskeiðum þetta sumar. Yfir knattspyrnskólanum var landsliðskonan Fanndís Friðriksdóttir en Fanndís hefur bæði starfað við þjálfun og æft knattspyrnu í mörg ár ásamt því að vera lykilmaður í íslenska kvennalandsliðinu. Yfir Körfuboltaskólanum voru þeir Kári Jónsson og Hjálmar Stefánsson, báðir gríðarlega efnilegir körfuknattleiksmenn og yfir handboltaskólanum var Ragnheiður Berg sem hefur starfað við þjálfun yngri flokka hjá Haukum í handbolta í mörg ár.

Yfir íþróttaleiksskólanum var Ragnheiður Berg en hún hefur áður starfað yfir íþróttaleiksskólanum. Í fjölgreinaskólanum var ákveðið að fara í smá tilraunastarfsemi þetta sumar, sú tilraun gekk út á það að leyfa yngra starfsfólkinu í íþróttaskólanum frá 16-20 ára að skiptast á að stjórna fjölgreinánámskeiðinu í sumar ásamt fullorðnum leiðbeinanda sem fylgdist með. Tilraunin gekk virkilega vel og var gaman að sjá nýjar hugmyndir og leiki sem að héldu námskeiðnu fersku í allt sumar. Einnig er þetta gríðarlega mikilvæg reynsla sem að þessir unglingar fengu í stjórnun og skipulagi. Allir þeir einstaklingar sem að komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.



## Íþróttaskólinn skiptist í þrjá hluta.

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2-16 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölpætta íþróttapjálfun fyrir börn á aldrinum 6-12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki síður mikilvægt væri fyrir okkur að hlúa vel að unga-fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglíngunum í 8.-10.bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Þessi hópur fólks stækkar sífellt og á tímum mikils atvinnuleysis eykst þörfin fyrir að taka vel á móti þessum hópi og finna þeim krefjandi verkefni. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðinn 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.-10.sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfva upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

## Námskeiðin

Í íþróttaskólanum sumarið 2015 buðum við upp á eftirfarandi námskeið

1. Fótboltaskóli (6-12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)
2. Körfuboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
3. Handboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
4. Íþróttaleikskóli (2-5 ára) (starfræktur í júlí)
5. Fjölgreinaskól (6-12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)
6. Sumaræfingar í körfubolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)
7. Sumaræfingar í handbolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00-09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi:

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnanna til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðin fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

09:00-10:15	Prógramm 1
10:15-10:45	Nesti
10:45-12:00	Prógramm 2
12:00-13:00	Hádegismatur
13:00-14:15	Prógramm 3
14:15-14:45	Nesti
14:45-16:00	Prógramm 4

### Yfirlit yfir starfsemi

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sína metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

<b>Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2-16 ára</b>
Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2-5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12-16 ára
<b>Gras sláttur</b>
Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Með fram vallarhúsi.
Áhorfendastæði
<b>Beðahreinsun</b>
Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús
Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
<b>Verk í aðalhúsi</b>
Þrif á áhorfendapöllum á íþróttahúsi

Hér að neðan verkefnum sumar.	Þrif á eldhúsi og matsal	eru nokkur af þeim sem við sinntum í
	Þrif á gæslurými	
	Þrif á útileiksvæði	
	Móttaka	
	Tiltekt í áhaldageymslunni	
	Þrif á harpix af rimlum og mörkum	
<b>Samantekt</b> Eftir tíu íþróttaskólinn í honum eiga eitthvað við frábær	<b>Vallarhús</b>	sumur er í föstum skorðum og allir að geta fundið sitt hæfi. Þetta er starfsemi við allra
	Þrif á klósettum, sturtum, klefum, móttöku	
	Tiltekt í áhaldageymslunni	
	<b>Útisvæði</b>	
	Þrif á varamannaskýlum	
	Hreinsun á steinum af gervigrasi	
Þrif á bílastæði		

hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða uppá eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Okkar skoðun er sú að við getum fyllilega staðið við það verð sem við buðum upp á í sumar og það var rétt ákvörðun hjá okkur að hækka verðið. Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn. Það sem við þurfum að gera betur fyrir næsta sumar/næstu sumur er að fara í öflugra markaðsstarf og auglýsa það góða sem við erum að gera.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sem sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks frammistöðu. Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

Úr ársskýrslu Íþróttaskólans

## F. Frístundaheimili Hauka

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólastarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel þann tíma sem það hefur starfað. Starfsemin fór hægt af stað, en nú er eftirspurnin eftir plássi meiri hægt er að anna og eru það fyrst og fremst húsnæðismál sem hamla því að hægt sé að taka fleiri börn í frístund. Í vetur eru 55 börn skráð í frístund hér á Ásvöllum og hefur þeim fjölgað umtalsvert frá síðasta skólaári.

Þann 6. október 2016, var undirritaður nýr þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilisins milli Knattspyrnufélagsins Hauka og Hafnarfjarðarbæjar. Samningurinn kveður á um rekstur frístundaheimilis fyrir börn 6-9 ára og um gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka vegna rekstur þess. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins. Um tilgang og forsendur segir m.a. í 2. grein samningsins að frítími barna og fullorðinna sé dýrmætur og í vaxandi mæli sé það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum. Frístundaheimili er ekki lögboðin þjónusta sveitarfélagsins en hefur fest sig í sessi sem mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Markmið samningsins er að gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði á aldrinum sex til níu ára og efla þannig valmöguleika bæjarbúa, styrkja innra starf íþróttafélagsins og gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við íþróttaiðkun.

Þessi markmið hafa svo sannarlega náðst því börnin sem eru hjá okkur í frístundaheimilinu nýta sér þátttöku í öflugum íþróttastarfi félagsins og mæta á íþróttæfingar eða sinna öðrum áhugamálum þann tíma sem þau dvelja í frístundaheimilinu.

Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu. Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir grunnskólanemendur í 1. til 4. bekk grunnskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00 virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

Forstöðumaður frístundaheimilisins er Íris Óskarsdóttir, B.S. í Tómsunda- og félagsmálafræði, en auk Írisar starfa 4 aðrir starfsmenn við rekstur frístundaheimilisins. börninsíðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

## **G. Afreksskóli Hauka**

Afreksskóli Hauka hóf sinn 9. skólavetur í ágúst 2015 og hefur starfað síðan þá í svo til óbreytri mynd þar sem nemendur sækja þrjár vikulegar kennslustundir hjá félaginu

og fá metið sem valfög í sínum grunnskólum. Nemendur koma úr öllum boltagreinum félagsins og hefur fjölgað ár frá ári en fjöldinn hefur nú náð þannmörkum sem liggja milli 65 – 70. Talsvert fleiri sækja um skólavist en hægt er að taka á móti. Með betra aðgengi að tímum í íþróttaaðstöðu félagsins væri hægt að veita fleiri nemendum tækifæri til að stunda nám við skólann. Hins vegar gerir mjög þröngur húsakostur félagsins það að verkum að gríðalega erfitt er að koma kennslustundum Afreksskólans fyrir í stundatöflum. Enn þurfa nemendur að sækja tíma kl. 6:15 á morgnanna og er starfið algjörlega komið upp á náð og miskunn grunnskólanna og það að þeir fullnýti ekki sína tíma í húsinu, þannig að Afreksskólinn geti nýtt tíma í lok skóladags og áður en hefðbundnar æfingar flokkanna hefjast.

**Sú breyting varð nú í haust á starfsemi skólans að sameiginlegur rekstur var lagður af en hver íþróttadeild sinnir sinni íþróttagrein. Vísast því í ársskýrslur deilda um frekari upplýsingar um starfsemina.**

## **H. Barna- og unglíngaráð**

Sú breyting hefur orðið á starfsemi hins sameiginlega Barna- og unglíngaráðs að nú starfa barna- og unglíngaráð sjálfstætt innan hværrar deildar. Vísast því í ársyfirlit deildanna.

## **I. Skákdeild**

Æfingar eru einu sinni í viku fyrir yngri skákmenn og byrjendur. Þjálfari deildarinnar er Páll Sigurðsson. Rúmlega 50 fyrirtæki taka þátt í hinni árlegu firmakeppni deildarinnar sem jafnframt er helsta fjáröflunarleið deildarinnar. Sveitir frá deildinni eru þátttakendur á Skákþingi Íslands. Formaður deildarinnar er Jón Þór Helgason.

## **J. Öldungaráð Hauka**

25 ár eru liðin frá stofnun ráðsins sem starfað hefur óslitið síðan. Eitt af markmiðum ráðsins hefur verið að styrkja félagið með einum eða öðrum hætti. Framlög og styrkir til hinna ýmsu verkefna hafa á þessu tímabili numið um 1 milljón króna. Fastir liðir í starfseminni hafa verið hin mánaðarlegu spilakvöld og skemmtiferð að vori. - Fjölmenn ferð var farin 9. júní um Reykjanes þar sem stórbrotið landslag og merkir staðir voru skoðaðir. Fararstjóri og leiðsögumaður var Steinþór Einarsson. Þreyttir en ánægðir ferðalangar renndu í hlað á Ásvöllum síðla kvölds eftir ríkulega kvöldmáltíð í útvegsbænum Grindavík.

Sunnudaginn 23. október var haldið 25 ára afmælishóf í Samkomusalnum þar sem saman voru komnir margir af stofnendum Öldungaráðsins auk annarra gesta. Fyrrum formaður félagsins, Lúðvík Geirsson, flutti skemmtilegt erindi um stofnun og sögu Öldungaráðsins. Jóhanna Axelsdóttir afhenti formanni félagsins, Samúel Guðmundssyni, 250 þúsund krónur sem renna eiga í Minningar- og styrktarsjóð félagsins. Samúel afhenti Öldungaráði gjöf frá félaginu, skjöld sem settur verður upp í Forsalnum. Samkomunni lauk síðan með glæsilegu kaffihlaðborði.

Stjórn Öldungaráð skipa: Jóhanna Axelsdóttir formaður, Ásdís Konráðsdóttir, Erna Mathiesen, Ragnhildur Jónsdóttir, Hrafn Helgason, Ragnar Árnason og Ragnheiður Sigurðardóttir.

## **K. Haukar 85 ára**

Hann var bjartur sunnudagurinn 16. apríl þegar Haukamenn og gestir fjölmenntu hingað að Ásvöllum til að fagna 85 ára afmæli félagsins. Athöfn utanhúss hófst með því að bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Haraldur L Haraldsson, og formaður félagsins, Samúel Guðmundsson, undirrituðu samning um byggingu nýs íþróttasalar og tekin var skóflustunga að grunni hússins. Að því loknu var gengið að gervigrasvellingum þar sem sr. Kjartan Jónsson prestur Ástjarnarkirkju vígði og blessaði nýtt gervigras og umbætur er gerðar hafa verið á vellingum. Því næst var gengið í Samkomusal félagsins þar sem formaður félagsins, Samúel Guðmundsson, flutti ávarp. Tveir góðir félagar, Ruth Guðmundsdóttir og Egill Egilsson, voru heiðruð fyrir langt og gott starf í þágu félagsins. Forseti bæjarstjórnar, Guðlaug Kristinsdóttir, flutti félaginu kveðjur bæjarstjórnar og Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH, færði félaginu blóm og framtíðaróskir ÍBH. Samkomunni lauk síðan með veisluhlaðborði.

11. desember var boðað til hátíðarfundar þar sem 65 Haukafélagar voru heiðraðir fyrir störf í þágu deilda félagsins eftir tilnefningar þeirra. Veittar voru heiðursviðurkenningar félagsins en þær eru: Gullstjarna, Silfurstjarna, Gullpeningur og Silfurpeningur.

### **Gullstjörnu hlutu:**

Gunnlaugur Sigurðsson, karatedeild  
Sigríður Kristjánsdóttir, almenningsdeild  
Jón Kr. Jóhannesson, Öldungaráð  
Ingimar Haraldsson, golf/handbolti

### **Silfurstjörnu hlutu:**

Árni Yngvi Hermannsson, handknattleiksdeild  
Elva Guðmundsdóttir, handknattleiksdeild  
Guðmundur Haraldsson, golf

**Gullpening hlutu:**

Guðmundur Friðrik Sigurðsson, golf, aðalstjórn  
Kristján Ó Davíðsson, karate  
Helgi Kuldeep Kumar, karate  
Sigríður Hrönn Halldórsdóttir, karate  
Samúel Guðmundsson, karfa  
Brynjar Örn Steingrímsson, karfa  
Gísli Sigurbergsson, karfa  
Henning Henningsson, karfa  
Ívar Ásgrímsson, karfa  
Marel Guðlaugsson, karfa  
Magnús Ingi Óskarsson, karfa  
Baldur Óli Sigurðsson, karfa  
Ágúst Sindri Karlsson, fótbolli  
Brynjólfur Jónsson, aðalstjórn  
Andri Már Ólafsson, aðalstjórn  
Ásdís Geirsdóttir, handbolli  
Albert Vignir Magnússon, handbolli  
Einar Jónsson, handbolli  
Gissur Guðmundsson, handbolli  
Guðjón Sigurðsson, handbolli  
Helgi Ásgeir Harðarson, handbolli  
Oddfríður Jónsdóttir, handbolli  
Pétur Haraldsson, handbolli  
Sigurjón Sigurðsson, handbolli  
Þorkell Magnússon, handbolli  
Þórdís Geirsdóttir, handbolli  
Þórður Rafn Stefánsson, handbolli

**Silfurpening hlutu:**

Jón Björn Skúlason, fótbolli  
Luka Kostic, fótbolli  
Halldór Jón Garðarsson, fótbolli  
Unnur Magnea Magnadóttir, fótbolli  
Bryndís Sigurðardóttir, fótbolli  
Elías Atlason, fótbolli  
Karl Rúnar Þórsson, fótbolli

Guðrún Þórhalla Helgadóttir, fótbolti  
Steinunn Hauksdóttir, fótbolti  
Andri Rafn Ottesen, fótbolti  
Pétur Þór Brynjarsson, fótbolti  
Ása Karen Hólm, karfa  
Gísli Guðlaugsson, karfa  
Sara Pálmadóttir, karfa  
Emil Barja, karfa  
Haukur Óskarsson, karfa  
Kristinn Jónasson, karfa  
Auður Ólafsdóttir, karfa  
Helena Sverrisdóttir, karfa  
Ingvar Guðjónsson, karfa  
Ásgeir Einarsson, karfa  
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, karate  
Anton Magnússon, almenningsdeild  
Ásta Ármannsdóttir, handbolti  
Hallur Ágústsson, handbolti  
Herborg Friðriksdóttir, handbolti  
Hulda Bjarnadóttir, handbolti  
Jón Gunnar Þórisson, handbolti  
Matthías Árni Ingimarsson, handbolti  
Ólöf Aðalsteinsdóttir, handbolti  
Valdimar Óskarsson, handbolti

### **Haukur – 85 ára afmælisblað**

32 síðna veglegt rit var gefið út í tilefni afmælisins. Þar var farið yfir söguna og framtíðar- áform félagsins í máli og myndum.

### **L. Íþróttahátíð Hauka**

Síðasti dagur ársins er ætíð hátíðisdagur hjá Haukum, þá eru kynnt úrslit í kosningu besta íþróttafólks og þjálfara félagsins, sem aðalstjórn félagsins kýs, og það heiðrað.

Mikið fjölmenni var samankomið í íþróttasalnum í hádeginu á Gamlársdag af þessu tilefni.

Tilnefningar hlutu eftirtalin:



### **Besta íþróttakona Hauka - tilnefningar**

Hjördís Helga Ægisdóttir – karate  
Helena Sverrisdóttir – körfubolti  
Sara Raket Hinriksdóttir – knattspyrna  
Maria Innes Da Silve Pereira – handbolli  
Guðrún Ásta Árnadóttir – almenningsdeild

### **Besta íþróttakona ársins 2016 – Helena Sverrisdóttir**

-----

### **Besti íþróttamaður Hauka - tilnefningar**

Gunnar Ingvi Ingvarsson – karate  
Kári Jónsson – körfubolti  
Alexander Freyr Sindrason – knattspyrna  
Janus Daði Smáráson – handbolli  
Sigurður Anton Sveinsson – almenningsdeild

### **Besti íþróttamaður ársins 2016 – Kári Jónsson**

-----

### **Besti þjálfari ársins – tilnefningar**

Eva Ósk Gunnarsdóttir – karate  
Kjartan Stefánsson – knattspyrna  
Gunnar Magnússon – handbolli  
Ívar Ásgrímsson – körfubolti

### **Besti þjálfari ársins 2016 – Gunnar Magnússon**

-----

Sérstaka viðurkenningu hlutu Guðborg Halldórsdóttir fyrir langt og fórnfúst starf í þágu félagsins og Lávarðarnir, hópur 15 – 20 manna, sem hefur undanfarin misseri borið þungann af flutningi bifreiða fyrir bilaleigu milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur.



### **Landsliðsfólk Hauka 2016**

Glæsilegur hópur 70 ungmenna úr hinum ýmsu deildum félagsins sem tekið höfðu þátt í verkefnum landsliða Íslands á árinu voru kynnt, kölluð fram og heiðruð. Hún er björt framtíðin hjá Haukum með allt þetta frábæra íþróttafólk sem ber hróður félagsins um allan heim.

### **M. Getraunaleikur Hauka**

Mikil gróska er í getraunastarfinu. Rúmlega 30 lið taka þátt og hittast menn á laugardögum og eiga stund saman yfir kaffibolla og léttu spjalli. Keppt er í vorleik og haustleik - uppskeruhátíð er vor og haust með veglegum verðlaunum.

## N. Minningar- og styrktarsjóður Hauka

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S Gíslasonar. Var sameinaður undir núverandi nafni 1995. Tilgangur sjóðsins er að styrkja hvers konar málefni er tengjast félaginu og málefnum þess. Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög einstaklinga og stuðningsaðila. Engir styrkir voru greiddir á árinu. Stjórn sjóðsins skipa: Bjarni Hafsteinn Geirsson formaður, Björg Guðmundsdóttir og Katrín Jónsdóttir.

## O. Félagsráð Hauka

Félagsráð hefur m.a. haft á hendi innheimtu árgjalda sem hafa að mestu runnið til Barna- og unglingaráðs til styrktar erfiðum fjárhag.

## P. Haukar í horni - stuðningsmenn

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnað 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðalegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp. Helstu markmið Hauka í horni eru:

- **Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað**
- **Að styðja félagið í blíðu og stríðu**
- **Að halda úti öflugum meistaraflokkum**
- **Að vera leiðandi í öflugu innra starfi**

## Q. Almenningsíþróttadeild

### Inngangur

Almenningsíþróttadeild Hauka hefur vaxið og dafnað í gegnum árin. Styrkur okkar liggur þó án vafa í grasrótinni eins og hin fyrri ár. Kjarni Almenningsíþróttadeildar er venjulegt fólk sem vill hittast í góðum félagskap og efla andann um leið og það stundar heilnæma heilsurækt.

## Tilgangur og markmið

Tilgangur deildarinnar er að efla íþróttaiðkun meðal almennings í Hafnarfirði og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna.

**Núverandi stjórn** er þannig skipuð;

Hreiðar Júlíusson meðstjórnandi

Díana Harpa Ríkarðsdóttir gjaldkeri

Rannveig Hafberg meðstjórnandi

Sigríður Kristjánsdóttir varaformaður

Anton Magnússon formaður



## Helstu verkefni Skokkhópsins á árinu 2016;

Árlega erum við með byrjendanámskeið undir styrkri stjórn Sigríðar Kristjánsdóttur og hennar þjálfunarteymi. Rúmlega 60 manns mættu á fyrstu byrjendaæfingar vorsins og þóttu þessi námskeið vel heppnuð. Eitthvað rjátlaði þó úr hópnum þegar leið á en 40 manns greiddu námskeiðsgjaldið.

Önnur verkefni voru; **Styrktarhlaup Hauka** sem var hlaupið í apríl en þar buðum við öllum sem vildu að mæta á opna æfingu gegn vægu gjaldi. Það sem safnaðist rann óskipt til Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar. Að þessu sinnu söfnuðust ríflega 100þúsund kr. og hlaupið þótti takast með afburðum vel. Deildin bætti svo örliðu við og var Krabbameinsfélaginu afhent 140 þúsund. **Afmælishlaup Hauka**, 12. apríl var haldið með pompi og pragt. Haukarnir áttu 85 ára afmæli og því lögðum við mikla áheyrslu á að gera hlaupið sem barnvænast og draga ungu kynslóðina á skokk. Það var gríðarlega gaman að sjá krakkana á hlaupum. Krakkar allt frá barnakerrualdri upp í 13-14 ára komu brosandí í mark, alsæl með stutt en skemmtilegt hlaup.

**Hvítasunnuhlaup HAUKA** var haldið í fjórða skipti um Hvítasunnuna 2016. Um 370 manns hlupu Hvítasunnuhlaupið og er það veruleg aukning frá árinu á undan þegar um 290 manns hlupu. Allir bestu hlauparar landsins komu og tóku þátt að vanda. Hlaupið heppnaðist í alla staði frábærlega og verður án vafa í hópi bestu hlaupa ársins. „Krefjandi, falleg leið og utanumhaldið frábært“ voru meðal ummæla sem við fengum að hlaupi loknu. Verðlaunaafhendingin var í íþróttasalnum og ljóst er að stærð hlaupsins kallar á þennan stóra sal enda varð sú umgjörð mun faglegri og skemmtilegri fyrir vikið. Við tókum fyrstu skrefin í að kynna Hvítasunnuhlaupið á erlendum vetvangi með góðum árangri. Fyrstu erlendu hlaupararnir tóku þátt og voru allir gríðarlega ánægðir. Morgunljóst er að erlendum hlaupurum mun án vafa fjölga til muna á næstu árum.

Til þess að svona hlaup takist og sé hreinlega framkvæmanlegt verður að kalla til marga sjálfboðaliða og styrktaraðila.

Aðalstyrktaraðilinn okkar Asics/Sportís studdi gríðarlega vel við hlaupið. Ekki má gleyma öðrum styrktaraðilum eins og Eimskip, Samskip, Íslyft og Fasteignasölunni Ás en þessi fyrirtæki hafa stutt þetta hlaup frá upphafi.

Ég vil benda félögum á að Hvítasunnuhlaupið er okkar aðal fjáröflunarleið. Allar okkar tekjur koma frá þessu hlaupi. Það er okkur því gríðarlega mikilvægt að vel takist til. Við þurfum að fjölga styrktaraðilum en aðallega verðum við að fá ákveðnara framlag frá hlaupafélögum í formi vinnu í undirbúningi fyrir hlaupið og brautarvörslu og vinnu á hlaupadegi. Til þess að að geta gert allt það sem hópurinn gerir yfir árið þarf einhverju að fórna til. Hvítasunnuhlaupið þarf á ykkur að halda.....Skokkhópur Hauka þarf á ykkur að halda.



Við hlaupum erlendis annað hvert ár og í ár var farið í "Þriggja landa maraþonið" Hlaupið um Þýskaland, Austurríki og Sviss. Við höfum farið nokkrar hlaupaferðir til

útlanda í gegnum tíðina en þessi ferð er í mínum huga ein sú allra skemmtilegasta. Flott utanumhald, flottar hlaupaleiðir og félagarnir sjálfum sér og hópnum til mikils sóma. Sérstaklega vil ég þakka utanlandshlaupanefndinni fyrir hreint frábær störf. **Reykjavíkur Maraðon** var á sínum stað, þar sem okkar fólk hljóp af gleði að vanda. Við áttum föngulegan hóp **Laugavegshlaupara** þetta árið eins og undanfarin ár. Við fjölmenntum líka í **Snæfellshlaupið** og þótti sú ferð með eindæmum skemmtileg. **Vormaraþonið, Kvennahlaupið, Jónsmessuhlaupið, Hreppslaugarhlaupið, Kaldárbotnahlaupið og Flensborgarhlaupið** voru svo á sínum stað að vanda. Flensborgar óskuðu eftir aðstoð og samvinnu um Flensborgarhlaupið og að sjálfsögðu var það auðsótt mál eins og undanfarin ár.

Við stóðum fyrir **Kirkjuhlaupi** á öðrum degi jóla. Þetta stórskemmtilega verkefni vex og stækkar með hverju ári. Að vanda buðum við okkar helstu nágrönnum að hlaupa með okkur. Við fengum hlaupara frá FH, Stjórnunni, Álftanesi, Breiðablik, Fjölni, Frískum Flóamönnu, Víkingum og Val svo einhverjir hópar séu nefndir. Eitthvað vorum við færri en árið á undan en kirkjan þétt setin og fullt fram á gang svo ekki er hægt að kvarta.

Að venju lukum við svo árinu með okkar frábæra **Gamlárshlaupi Hauka**. Búningarnir voru að vanda alsráðandi og varla nokkur maður í hlaupagallanum einum fata.

Undanfarin ár hefur Skokkhópur HAUKA verið með róðrarlið á Sjómannadaginn. Nú brá hinnsvegar svo við að ekkert lið var frá okkur Haukurum og þykir mér það mjög miður.

Skokkhópur Hauka var mjög virkur í íslensku hlaupasamfélagi árið 2016. Að vanda þvældust okkar félagar út allt land að taka þátt í hlaupum., Hamarshlaupið, Gullspretturinn, Snæfellshlaupið, Ármannshlaupið, Vormaraþonið, Haustmaraþoni, Vesturgatan ofl. ofl. Við vorum að vanda vel sýnileg og virk þetta árið. Vetrarstarfið hefur verið einstaklega farsælt og við átt stóran hóp í Powerade hlauparöðinni og marga í og við verðlaunasæti.

**Æfingar** eru 3 x í viku. mánudaga og miðvikudaga kl. 17:30 og svo laugardaga kl. 10:00. Með hækkandi sól breytum við laugardagsæfingunni til 09:00.

Á haustmánuðum keyptum við okkur tíma inni í frjálsíþróttahöllinni uppi í Kaplakrika eins og á síðasta ári. Þessar fimmtudags æfingar hafa tekist með eindæmum vel. Fínar og markvissar æfingar en því miður hefur þátttakan ekki verið eins og við vonuðum og því lítur úr fyrir að þetta verði síðasti veturinn þar sem við æfum inni með þessum formerkjum.

**Íþróttafólk ársins:** Guðrún Ásta Árnadóttir og Sigurður Sveinn Antonsson voru valin Íþróttamenn Almenningsíþróttadeildar Hauka 2016. Sigríður Haraldsdóttir var svo valin nýliði ársins. Við veittum þeim viðurkenningar á uppskeruhátíðinni okkar og Guðrún og Sigurður voru svo okkar fulltrúar við hátíðlega athöfn á Gamlársdag að venju.

**Veraldarvefurinn:** Almenningsíþróttadeildin hefur haldið úti bloggsíðu undanfarin ár. Ritnefndin stóð sig með sóma og þakka ég þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf. Ég hefði þó viljað sjá fleira efni koma inn á síðuna frá öðrum félögum. Við gerum skemmtilega síðu, lifandi og þarfa með því að vera dugleg að miðla þar efni. Pistlar sem þið rekist á, greinar sem einhverjum dettur í hug að snara yfir á ylhýra, allt það sem er jákvætt og passar við það sem við erum að gera. Það þarf ekki að setja í sig í rithöfundagírinn en það er undir ykkur komið að vera dugleg að miðla því efni sem þið rekist á.

Fésbókin hefur að vanda verið mikið notuð til almennra samskipta og einnig til að minna á æfingar. Póstlistinn okkar er óspart notaður að venju.

**Rekstur deildarinnar:** Rekstur deildarinnar er með miklum ágætum. Eigið fé nokkurt og engar útistandandi skuldir. Helsta tekjulind deildarinnar var Hvítasunnuhlaupið eins og undanfarin ár. Ég minni enn og aftur á mikilvægi þess að styðja við Hvítasunnuhlaupið með ráð og dáð. Rekstur deildarinnar er undir því kominn að vel takist til.

#### **Annað:**

Árið 2017 er afmælisár. Deildin verður 10 ára í nóvember. Þroski og þróun deildarinnar takmarkast eingöngu við elju og framsýni félaganna. Við vorum dugleg við að styðja hvort annað á síðasta hlaupaári. Sjálfboðastarf, aukahlaup, smá partý, heiti potturinn, allt er þetta til þess að gera deildina sterkari og okkur samheldnari. Félagslegi þátturinn var eflur, við fórum í Heiðmerkur hlaup með grilli og gleði. Fjölskylduhátíð sem tókst einstaklega vel var haldin síðsumars. Fullt af börnum og ungvíði félagsmanna mætti og skemmti sér konunglega. Karlakvöldi Hauka voru gerð góð skil en kvennakvöldinu frestað og brestur á von bráðar. Félagið, deildin og ekki síst við sem einstaklingar vöxum og dögnum undir hvatningu og jákvæðni félaganna. Gerum afmælisárið eftirminnilegt, stöndum saman, gleðjumst og verum virk. Sterkara samstarf, sterkari skokkhópur.

#### **Að lokum:**

Einhverjir nefndar og stjórnar-meðlimir hafa óskað eftir að láta af störfum frá og með þessum fundi. Við þökkum þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Nú er það undir ykkur komið að fylla í þessi skörð.

Nú göngum við til kosninga í nefndir og stjórn.

Margar hendur vinna létt verk og framþróun og þroski hópsins er í ykkar höndum.

**Þitt er að hafa áhrif!**

Deildin verður 10 ára, árið 2017. Það er því afar spennandi afmælisár framundan. Unglingsskónum hefur verið slitið. Nú eru ný tækifæri, nýjar áskoranir. Almenningsíþróttadeild Hauka hleypur því inn í afmælisárið af krafti en skynsemi.

## R. Knattspyrnudeild

„Haukar í Pepsí“ hljómaði á Ásvöllum í september sl. þegar full stúka af stuðningsfólki Hauka fagnaði þeim magnaða árangri að meistaraflokkur kvenna tryggði sér sæti í deild þeirra bestu, Pepsí deildinni, eftir dramatískan sigur gegn Keflavík. Stelpurnar toppuðu svo árangurinn með 1-5 sigri í hreinum úrslitaleik gegn Grindavík og urðu þar með 1. deildarmeistarar.

Knattspyrnusumarið 2016 gekk í heildina vel þar sem meistaraflokkar félagsins tefldu fram ungum og efnilegum leikmönnum. Gaman er að segja frá því að þær Alexandra Jóhannsdóttir, Katrín Hanna Hauksdóttir og Þórdís Elva Ágústsdóttir tóku þátt í verkefnum með U17 landsliðinu. Þá spilaði Alexndra með U19 landsliðinu og hin 15 ára gamla Sæunn Björnsdóttir var valin í æfingahóp U17. Dagur Dan Þórhallsson tók þátt í verkefnum með U17 landsliðinu en hann samdi svo við belgíska liðið Gent í ársbyrjun 2017.

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu er ljóst að nýtt gervigras, sem lagt var haustið 2015, er mikill ávinningur fyrir iðkendur í knattspyrnudeild Hauka en að sama skapi hefur þörfin fyrir knattspyrnuhús á Ásvöllum aldrei verið meiri.

Knattspyrnudeild Hauka er fjölmennasta deild félagsins og þar sem Haukar eru staðsettir við eitt stærsta og nýjasta íbúahverfi Hafnarfjarðar, ásamt því að margir iðkendur félagsins koma einnig m.a. úr Áslandi, Hvammahverfi og af Holtinu, þá þarf að reisa knattspyrnuhús hið fyrsta. Haukar þurfa að vera samkeppnishæfir við nágrannafélög og keppinauta hvað aðstöðu varðar.

### Meistaraflokkur kvenna

Óhætt er að segja að árangur meistaraflokks kvenna standi upp úr eftir síðasta knattspyrnuár enda kom árangurinn mörgum á óvart þar sem liðið var að mestu skipað ungum og uppöldum leikmönnum. Auk þess að verða 1. deildarmeistarar varð liðið Lengjubikarmeistari C deildar og komst í 8 liða úrslit bikarkeppninar þar sem liðið féll úr leik eftir tap gegn Stjörnunni.

Ljóst er að ásamt góðum efnivið á þjálfarateymið, þeir Kjartan Stefánsson og Jóhann Unnar Sigurðarson, mikið hrós skilið.

Alexandra Jóhannsdóttir var valin besti leikmaður sumarsins, Sæunn Björnsdóttir sú efnilegasta og Sara Rakel Hinriksdóttir var valin knattspyrnumaður Hauka.

Sumarið 2017 verður án efa afar spennandi fyrir meistaraflokk kvenna og stuðningsfólk félagsins. Stuðningurinn í stúkunni er ómetanlegur sem og stuðningur fyrirtækja til að efla liðið fyrir komandi átök.





### **Meistaraflokkur karla**

Eins og síðasta tímabil þá tefldu Haukar að mestu leyti fram uppöldum leikmönnum. Samkvæmt spá sérfræðinga á fotbolit.net var Haukum spáð 8. sæti en annað kom á daginn. Þegar upp var staðið enduðu Haukar 5. sæti Inkassó deildarinnar með 31 stig og tefldu fram sínu yngsta lið frá upphafi þar sem meðalaldur leikmanna var 21,4 ár.

Luka Kostic var þjálfari liðsins og honum til aðstoðar var Þórhallur Dan Jóhannsson og var þetta þeirra annað tímabil með liðið. Í lok tímabils létu þeir báðir af störfum og vill knattspyrnudeild Hauka þakka þeim fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og ánægjulegt samstarf.

Stefán Gíslason var ráðinn þjálfari meistaraflokks karla í september sl. og honum til aðstoðar er Hilmar Trausti Arnarson.

Það var afar gaman að fylgjast með okkar strákum í meistaraflokki síðastliðið sumar þar sem stuðningsmenn sáu liðið þroskast vel yfir sumarið og eflast við ýmsar raunir. Það verður því afar spennandi að sjá hvernig okkar drengir mæta til leiks næsta sumar reynslunni ríkari eftir það síðasta.

Aron Jóhannsson var valinn besti leikmaður meistaraflokks karla og hinn 19 ára Alexander Helgason var valinn sá efnislegasti.

Þá fengu Aron og Gunnlaugur Fannar Guðmundsson viðurkenningar fyrir að hafa leikið 100 leiki með meistaraflokki karla en þeir eru báðir aðeins 22 ára gamlir.

### **Barna- og unglingastarf**

Knattspyrnudeild Hauka hefur um árabíl lagt mikla áherslu á að innan deildarinnar starfi öflugir þjálfarar sem búi yfir menntun frá KSÍ. Það hefur nú þegar skilað ungum og efnilegum leikmönnum upp í meistaraflokka félagsins sem og í yngri landslið Íslands. Næsta skref er að tryggja betri æfingaaðstöðu sem knattspyrnuhús myndi án efa gera eins og áður greinir.

### **Barna- og unglingastarf – Stúlkur**

Við þjálfun yngstu iðkendanna í 8., 7., og 6. flokki hélt Andri Rafn Ottesen áfram uppbyggingarstarfinu en nú í haust komu til liðs við hann tveir ungir og efnilegir þjálfarar þær Dagrún Birta Karlsdóttir og Margrét Björg Ásvaldsóttir.

Þjálfun 5. flokks er á hendi þeirra Eypórs Bjarnasonar og Árna Ásbjarnarsonar en þær Fanný Yngvadóttir og Hrönn Guðmundsdóttir þjálfu 4. flokk. Árni sá síðastliðið sumar um þjálfun 3. flokks en frá hausti í samstarfi við Helgu Helgadóttur.

Helga hefur janframt verið ráðin yfirþjálfari kvennastarfsins og er það liður í því að bæta enn frekar í fagmennsku og skipulag þjálfunar.

Jóhann Unnar, aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna, kom jafnframt að þjálfun endurvakins 2. flokks kvenna en æfingar 2. Flokks og meistaraflokks voru að stórum hluta sameiginlegar. Á Íslandsmótinu tefldi 2. flokkurinn fram sameiginlegu liði með Fylki.

Eins og áður greinir stóð árangur meistaraflokks kvenna upp úr í kvennastarfinu en þennan góða árangur má að miklu leyti rekja til öflugs barna- og unglingstarfs félagsins.



### **Barna- og unglíngastarf – Drengir**

Keppnistímabilið 2016 þjálfuðu Snorri Már Jónsson og Árni Hjörvar Hilmarsson 2. flokk drengja sem er með um 40 iðkendur. Á haustmánuðum létu Snorri Már og Árni af störfum og Salih Heimir Porca tók við þjálfun í flokknum. Salih Heimir kom aftur til félagsins í byrjun árs og tók við þjálfun 3. flokks. Salih Heimir tók svo við þjálfun 2. flokks á haustmánuðum eins og áður sagði og við það þá kom einnig Hilmar Trausti Arnarsson aftur til félagsins og tók við þjálfun 3. flokks.

Freyr Sverrisson er þjálfari 4., 5. og 6. flokks og honum til aðstoðar eru þeir Viktor Ingi Sigurjónsson og Einar Karl Ágústsson.

Í 7. flokki er Einar Karl aðalþjálfari og er Elmar Elí Arnarson honum til aðstoðar. Í 8. flokki er Einar Karl aðalþjálfari.

Í yngri flokkum drengja árið 2016 var mikið líf og margir iðkendur. Keppnisfyrirkomulag var hefðbundið, þ.e. þátttaka í Faxaflóamóti, Íslands- og pollamótum eftir flokkum og árstíðum. Árangur var almennt með ágætum og sigruðu t.d. tvö lið sinn riðil í Faxaflóamótinu í 4. flokki og komust a.b.c og d lið í úrslit á Íslandsmótinu.

7.flokkur fór á Norðurálmót og Króksmót og komu heim með bikara frá báðum mótum. Þá tóku ýmsir drengir þátt í landsliðsæfingum þannig að framtíðin er björt.

Sævar Júlíusson er markmannsþjálfari yngri flokka, bæði karla og kvenna.

Úr ársskýrslu Knattspyrnudeildar

## S. Handknattleiksdeild

Starfsárið sem er að líða hefur verið okkur handboltafólki í Haukum gjöfult og er starfið í alla staði öflugt og ekki veitir af því nú erum við að renna inn í tímabil úrslitakeppni sem krefst mikils af okkar sjálfboðaliðum.

Nú eru hafnar framkvæmdir við nýjan íþróttasal sem verður tekinn í notkun eftir tæpt ár eða í byrjun febrúar 2018 ef áætlanir standast. Með tilkomu betri aðstöðu og fleiri tímum til æfinga fyrir okkar iðkendur verðum við loksins komin með sambærilega aðstöðu og okkar samkeppnisaðilar.

Mikið og gott starf er unnið hjá þeim sem eru í forsvari unglingaráðs og er stefnt að því að búið verði að ráða alla þjálfara fyrir næsta ár um miðjan mars.

Við höfum nú þegar sett saman æfingatöflu sem með einhverjum breytingu ætti að vera hægt að kynna næsta haust fyrir foreldrum.

Á síðast ári tókum við í notkun skrifstofu á neðri hæð sem rúmar vel okkar daglega starf, þ.e aðstaða fyrir íþróttastjóra, sjálfboðaliða í unglingaráði og aðstöðu fyrir forystumenn deildarinnar.

Þetta er mikil bylting fyrir okkur öll sem vinnum fyrir félagið og mun hjálpa okkur mikið við frekari uppbyggingu til framtíðar.

Það eru skýr markmið okkar hér eftir sem hingað til að efla starfið á öllum sviðum, að gera stóráttak til að efla almennt félagsstarf yngri sem eldri.



### **Meistaraflokkur karla:**

Meistaraflokkur karla átti gott ár 2016 undir stjórn Gunnars Magnússonar sem tók við liðinu af Patreki Jóhannessyni fyrir keppnistímabilið 2015-2016, honum til aðstoðar var Einar Jónsson ráðinn. Liðið okkar varð Íslandsmeistari 2016 eftir frábæra leikjaseríu sem endaði með því að við fögnuðum Íslandsmeistaratitlinum að Ásvöllum eftir sigur á Aftureldingu í oddaleik.

Litlar breytingar urðu á leikmannahópi og er liðið að mestu skipað sömu leikmönnum og s.l. ár aðrar en þær að við endurheimtum Daníel Þór frá Val og Þórð Rafn frá Noregi. Þá kom til okkar Andri Heimir frá ÍBV og nú í janúar fengum við til okkar ungan örvhentan Króata í stað Janusar Daða sem fór utan um áramótin og gekk til liðs við Aalborg handbold þar sem okkar maður Aron Kristjánsson er við stjórnvölinn.

Þegar þetta er ritað er liðið í efsta sæti í deildinni og aðeins ein stefna á dagskrá, það er að sigra deildina og hampa Íslandsmeistaratitlinum í vor.

Úr ársskýrslu Handknattleiksdeildar



### **Meistaraflokkur kvenna:**

Kvennaliðið okkar náði þeim langþráða áfanga að vinna titil og urðu Deildarmeistarar 2016 nokkuð örugglega og tryggðu sér þar með rétt til þátttöku í Evrópukeppni. Liðið féll úr keppni í undanúrslitum í úrslitakeppninni s.l vor og voru það nokkur vonbrigði miðað við þá spilamennsku sem liðið hafði sýnt á tímabilinu. Það sama gerðist í undanúrslitum bikarkeppninnar, þar féllum við úr leik eftir tvíframlengdan leik gegn Gróttu. Áfirstandandi leiktíð hefur liðið ekki sýnt sama stöðugleika og síðastliði ár og eru nú að berjast við að komast inn í úrslitakeppni þegar 5 umferðir eru eftir.

## T. Körfuknattleiksdeild

Á flestum vígstöðvum bætti körfuknattleiksdeild Hauka í á árinu 2016. Því eigum við að þakka fólkinu sem að deildinni stendur. Fólki sem kemur að starfinu með ólíkum hætti. Sumir efla starfið í gegnum þátttöku barnanna, margir elska leikinn og styðja leikmenn á þöllunum, aðrir taka þátt í fjölbreyttu viðburðahaldi deildarinnar en allir eru í þessu á sömu forsendum, þ.e. aflu deildinni stuðnings á leið sinni til æðri metorða. Hvað er átt við með því? Jú ekki bara Íslandsmeistaratitlar og landsleikir heldur einnig ánægðir iðkendur og foreldrar sem bera hróður deildarinnar víða. Það á að vera gaman að vera hluti af Haukafjölskyldunni. Á undanförunum árum hefur megináherslan verið sú að byggja meistaraflokksliðin upp áHaukafólki. Þakka ber öllu því góða fólki sem að starfinu kemur, bæði stjórnarfólki, foreldraráðum, foreldrum, þjálfurum, leikmönnum, starfsfólki og öðrum er leggja sitt að mörkum til deildarinnar. Margt hefur verið gert á liðnu ári enda ýmis verkefni sem hafa fallið til. Mikil vinna er unnin við m.a. flugeldasölu, Actavismót, sjoppusölu, Helenubúðir, uppsetningu og frágang á leikjum meistaraflokkanna, akstur bílaleigubíla og svona mætti lengi telja.



Hvað ætli sé búið að t.d. grilla marga borgara á árinu? Einnig ber að nefna það góða starf sem þeir félagar sem standa að B liði Hauka standa fyrir en þeir eru ábyrgir fyrir æfingum og leikjum liðsins auk þess að halda utan um árgangamót, Pubquiz eftir leiki og ýmsu öðru félagslegs eðlis. Þessi hópur er einnig uppistaðan í stuðningsmannasveit Hauka (Haukamanían). Hún á þakkir skyldar fyrir allan þann

stuðning sem hún veitir bæði karla- og kvennaliðinu en segja má að þeir hafi myndað ógleymanlega stemmningu á árinu 2016.

Yngri flokkar félagsins voru í góðum málum á árinu enda gaman á æfingum. Þjálfarar og fulltrúar í barna og unglingaráði eiga þakkir skyldar fyrir vandað starf á árinu. Mikil fjölgun var í yngstu flokkum deildarinnar og voru iðkendur í byrjendaflokki komnir í um 50 og í minni bolta 8-9 ára voru yfir 40 iðkendur. Samhliða fjölgun þarf að tryggja markvisst starf fyrir alla iðkendur deildarinnar. Það þarf alltaf að vera eitthvað sem tekur við innan deildarinnar. Ekki bara meistaraflokksstarf heldur einnig hlutverk innan B liðs, þjálfun eða önnur störf innan deildarinnar. Öll þessi störf eru jafn mikilvæg.

Þess má geta að deildin var sú eina innan raða körfuknattleikssambandsins sem var með lið í öllum flokkum, jafnt hjá stelpum og strákuum. Langflestir yngri flokkar voru að spila í A liði og töluverð fjölgun iðkenda, en iðkendur deildarinnar voru komnir yfir 220 og ljóst að áhuginn á körfu væri mikill og fjölgun haldi áfram. 10. flokkur karla var ósigraður allt árið, eins og í fyrra og urðu bæði Íslands- og bikarmeistarar og unglingaflokkur karla varð einnig bikarmeistari og datt út í undanúrslitum Íslandsmótsins. Unglingaflokkur kvenna fékk silfur bæði í Íslandsmóti og bikarkeppninni og einnig stúlknaflokkur. Haukar áttu fjögur lið í úrslitum bikars og var einungis Keflavík með fleiri lið í úrslitum. Áfram hélt deildin að framleiða landsliðskrakka og voru núna rúmlega 20 iðkendur valdir í landsliðsverkefni, 14 í lokahópum og voru þau oft lykilmenn í sínum landsliðum.





Á tímabilinu 2015/2016 náði mfl. karla sínum besta árangri í langan tíma og komst alla leið í úrslit Dominos deildar. Tímabilið gekk vel og eins og síðustu þrjú ár var stígandi í liðinu og liðið toppaði á réttum tíma. Í 8 liða úrslitum sló liðið út Þór Þorlákshöfn með glæsilegum hætti, vann tvo leiki án erlends leikmanns og spilaði einnig án besta leikmanns liðsins, Kára, sem hafði orðið fyrir meiðslum. Í undanúrslitum var Tindastóll næsta lið sem varð fyrir barðinu á ákveðnu Haukaliði. Sigur vannst 3-1 og var það sama upp á teningnum í þessari viðureign en liðið lét ekki meiðsli slá sig útaf laginu og eflidist við hverja raun. Í úrslitum var leikið við ógnarsterkt lið KR og ljóst að það þyrfti margt að ganga upp svo hið unga lið okkar næði í þann stóra. Þrátt fyrir góða baráttu náðist ekki nema einn sigur og tapaðist einvígið 3-1.

Fyrir tímabilið var blásið í herlúðra og ákveðið að styrkja kvennaliðið með íslenskum leikmönnum og reyna að spila án erlends leikmanns. Helena Sverrisdóttir kom heim eftir áralanga dvöl sem atvinnumaður í Evrópu og úr háskóla í Bandaríkjunum og einnig komu nokkrir reyndir leikmenn “aftur heim”, eins og Pálína og Jóhanna. Ljóst var að liðið var sterkt á pappír en líka ljóst að án erlends leikmanns gæti verkefnið verið erfitt. Liðið spilaði ágætlega allt tímabilið og náði því að verða deildarmeistari eftir frábæran sigur á Snæfelli í úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn. Í úrslitakeppninni kom smá bakslag og liðið lenti í erfiðleikum á móti Grindavík og var orðið 2-0 undir í undanúrslitaeinvíginu en með gríðarlegri baráttu náðu stelpurnar að knýja fram sigur og unnu 3-2 í háspennu leikjum. Í úrslitum var spilað við Íslandsmeistara síðustu tveggja ára, Snæfell, og ljóst að um skemmtilega viðureign yrði að ræða. Úrslitaviðureignin fór alla leið í oddaleik þar sem Snæfell náði að knýja fram sigur í spennuleik fyrir næstum því fullri Schenkerhöll. Helena meiddist eftir fyrsta leik og spilaði ekki leik nr. 2 og var svo haltrandi í hinum leikjunum og ljóst að það hafði mikið að segja fyrir Haukaliðið og má segja að aðrar hafi ekki náð að stíga upp í hennar fjarveru, enda stórt skarð að fylla.

Eftir stendur frábært tímabil hjá meistaraflokkum félagsins. Árangur deildarinnar var því góður á síðasta ári þar sem bæði mfl. karla og kvenna spiluðu til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn, en því miður var silfur staðreynd hjá báðum liðum. Fjölgunin er einnig mikil í yngri flokkum deildarinnar en góðum árangri fylgir því miður líka ákveðið vandamál. Ekki hefur m.a. verið hægt að kynskipta æfingum í byrjendaflokki, æfingar hafa fallið mikið niður, leikir eru færðir seint á kvöldin (leikir fyrir 15-19 ára iðkendur hefjast sjaldan fyrir kl. 21:15 á kvöldin) og enginn tími er til fyrir auka- eða séræfingar. Það er því ljóst að þótt framtíðin sé björt hjá deildinni að krafan um nýtt hús á rétt á sér. Nýtt körfuboltahús á Ásvöllum er fyrir löngu orðið tímabært þar sem aðstaðan er farin að standa deildinni fyrir þrifum. Hafist var handa við byggingu nýs körfuboltahúss í lok árs 2016 og áætluð byggingalok í febrúar 2018.

Ársreikningar körfuknattleikdeildarinnar eru ekki gerðir frekar en síðustu ár þar sem rekstur meistaraflokkanna er hluti af Rekstrarfélagi Hauka á meðan rekstur yngri flokka fellur undir aðalstjórn félagsins en hann stendur að öllu leyti undir sér. Til að standa undir metnaðarfullum áformum deildarinnar þá hafa útgjöld verið hækkuð jafnt og þétt á milli ára. Framlag samstarfsaðila hefur hækkað á milli ár. Samningur við aðalsamstarfsaðila deildarinnar, Actavis, liggur fyrir og munar þar miklu í rekstrinum. Nýir samningar hafa verið gerðir við samstarfsaðila á síðasta ári, þ.á.m. Hraunhamar, Dekkjasöluna, Geislatækni og Kænuna. Mestu munar þó á milli ára um hækkanir á fyrirliggjandi samningum, sbr. CCEP, Schenker og BL. Helstu samstarfsaðilar körfunnar eru auk fyrrgreindra: VHE, Samskip, Inecta, Schenker, Fjarðarkaup, Rio Tinto, N1, KFC/Góa, Errea, Eignaumsjón, BL, Rafholt, Þarfaping, Mannvit og Bílaleiga Akureyrar. Þá er rétt að geta þess að stuðningsaðilar sem ekki vilja láta nafns síns getið standa undir kostnaði við allt flug erlendra leikmanna. Allir þessir aðilar eiga þakkir skyldar fyrir sýndan hlýhug til deildarinnar. Deildin leitar áfram frekari leiða við að styrkja rekstrargrunninn þannig að hægt verði að standast samanburð við þá bestu. Það kostar nefnilega að ná árangri. Á sama tíma og stjórn setur stefnuna hátt þá eru gerðar kröfur til leikmanna og þjálfara um stöðuga bætingu en þó mega kröfurnar ekki vera þannig að þeir geta ekki staðið undir þeim. Þrátt fyrir allan þann metnað sem lagður er í starfið þá verður alltaf að vera til staðar svigrúm fyrir leikmenn og þjálfara að reka sig á. Mistök eru til að læra af þeim og það er ekki ofsögum sagt að mótlætið annaðhvort drepur menn eða eflir þá. Til að ná árangri þarf deildin jú að hafa metnað til að ná langt, vita hvert hún stefnir, og þjálfarar jafnt sem leikmenn og aðra til að vera reiðubúna að fórna sér fyrir félagið. Stjórn, þjálfarar, leikmenn og allir sem að starfinu standa eru dæmd af verkum sínum og þá ekki bara árangri hennar heldur hvernig deildin vinnur að því að ná árangri. Við erum í þessu saman, á okkar forsendum og ætlum okkur alla leið.

Úr ársskýrslu Körfuknattleiksdeildar

## U. Karatedeild

Árið 2016 var gott ár fyrir Karatedeildina. Byrjendahópurinn í janúar var ansi fjölmennur og hefur ekki verið svona fjölmennur áður.

Á árinu unnu nokkrir keppendur okkar til verðlauna, Gunnar Ingi Ingvarsson vann til silfurverðlauna á Reykjavíkurlaikunum og á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite í sínum aldursflokki. Hjördís Helga Ægisdóttir náði sér í bronsverðlaun á Reykjavíkurlaikunum í Kata í sínum aldursflokki, en saman fara þau fyrir ungu og upprennandi keppnisliði okkar. Margir ungir og efnilegir iðkendur eru að æfa hjá Karatedeildinni núna og verður spennandi að fylgjast með þeim vaxa úr grasi og sjá hverju þeir geta áorkað í framtíðinni. Keppnishópur Karatedeildarinnar hefur stækkað

og er það vegna ört vaxandi barnastarfs hjá deildinni, minni vöxtur er í unglinga og fullorðinsflokkum og má bæta nýliðun í þeim flokkum.



Á haustmánuðum lét Gunnlaugur Sigurðsson af störfum sem formaður Karatedeildarinnar og Kristján Ó. Davíðsson tók við. Gunnlaugur er sem fyrr yfirþjálfari deildarinnar. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Eva Ósk Gunnarsdóttir, Viggó Vigfússon, Sigríður Hrönn Halldórsdóttir og Guðbjartur Ísak Ásgeirsson. Allt reyndir þjálfarar sem ná góðum árangri með sína hópa.

Eftirfarandi einstaklingar voru tilnefndir af karatedeildinni til íþróttamanns og konu Hauka og þjálfara Hauka og fengu að því tilefni viðurkenningu frá aðalstjórn,

Hjördís Helga Ægisdóttir var tilnefnd sem íþróttakona Hauka  
Gunnar Ingi Ingvarsson var tilnefndur sem íþróttamaður Hauka  
Eva Ósk Gunnarsdóttir var tilnefnd sem þjálfari Hauka

### **Árangur keppenda á árinu 2016 var eftirfarandi,**

#### **Reykjavík International Games:**

Gunnar Ingi Ingvarsson 2. sæti í Kumite cadet +63kg (14-15 ára)  
Hjördís Helga Ægisdóttir 3. sæti í Kata cadet (14-15 ára)

#### **Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite:**

Gunnar Ingi Ingvarsson 2. sæti í Kumite cadet +63kg (14-15 ára)  
Máni Hrafn Stefánsson 3. Sæti í Kumite cadet+63 kg (14-15 ára)

Árið 2016 var gott ár fyrir Karatedeildina. Byrjendahópurinn í janúar var ansi fjölmennur og hefur ekki verið svona fjölmennur áður.

Ingi Ingvarsson 2. sæti í Kumite cadet +63kg (14-15 ára)

#### **Dómararéttindi**

Kristján Ó. Davíðsson fékk full Nordic dómararéttindi á Norðurlandamótinu sem haldið var Danmörku í apríl, Kristján er þá einn af réttindahæstu dómurum landsins.

#### **Nýjar dýnur**

Langþráður draumur Karatedeildarinnar varð að veruleika þegar dýnurnar voru endurnýjaðar, en þær gömlu höfðu nýst okkur í 15 ár kominn tími á endurnýjun.

## V. Verklegar framkvæmdir

Í lok árs 2015 var endanlega búið að ganga frá niðurlagningu nýja gervigrassins og var framkvæmdinni gerð góð skil í ársskýrslu þess árs. Reynslan af nýja grasinu er mjög góð og hitastýring sem er afar fullkomin virkar vel. Á auðveldan hátt má fylgjast með stýringunni og kostnaði við upphitun á gervigrasvelli með rafrænum hætti og viðvörunarkerfi er innbyggt í vöktunarkerfi.

Fé til viðhalds og framkvæmda í Íþróttamiðstöð Hauka hefur verið sáralítið á undanförunum árum, en leitast hefur verið við að halda eigninni í sem bestu ásigkomulagi svo sem nokkur kostur hefur verið. Þó fengust fjármunir til að mála innanhúss og var aðalanddyri Íþróttamiðstöðvar málað, gangur að þreksal, skrifstofugangur, almenningsalerni á neðri hæð og salerni á efri hæð Íþróttamiðstöðvar. Þess er vænst að fjármunir fáiast sem fyrst til málunar og lagfæringar á húsnæðinu utandyra, en mjög aðkallandi er að lagfæringar og málun fari fram sem fyrst til að fyrirbyggja skemmdir vegna leka sem hefur valdið vandræðum á undanförunum misserum. Þá var Vallarhús málað og stefnt er að því að lagfæra þar aðstöðu fyrir þjálfara og og annað starfsfólk á árinu 2017.

Þjálfaraherbergi í félagsálmum, Hvaleyrarholt, var skipt upp og fengust með því tvær skrifstofur til að koma til móts við betri aðstöðu deildanna. Útbúin var aðstaða fyrir þjálfara í fundarherberginu Unaðsdal með góðum tölvubúnaði.

Endurbætur voru gerðar á þreksal, hann málaður, rifnar niður hálfónýtar loftaplötur og loft heilmálað. Þá voru Led ljós sett í loft sem og gólfefni, lausar gúmmíflísar 10 mm þykkar. Á haustmánuðum fékk Karatedeildin nýjar dýnur í Karatesal, en eldri dýnur voru orðnar úr sér gengnar.

Á árinu var talsvert unnið að umhverfisbótum á útisvæðum félagsins. Gömul skiltagirðing við norðausturenda knattspyrnuvallar var rifin og nýir sterkari og lengri staurar steyptir niður og lektur klæddar á staurana. Er þá komin góð styrking fyrir auglýsingaskilti, en eins og öllum er kunnugt er á stundum algjört veðravíti hér hjá okkur á Ásvöllum. Þá var snyrt meðfram nýjum gervigrasvelli og liðlega 300 fm. af grasi lagt niður. Tré við Íþróttamiðstöð og á útisvæðum voru klippt og snyrt og áburður borinn á trén. Á vordögum var gamall gámur, sem notaður var fyrir fjölmiðlafólk fjarlægður og nýr gámur kom í stað þess gamla. Auk þess sem öðrum gámi var komið fyrir ofan á þann nýja þannig að aðstaða fyrir myndatökur af knattspyrnuleikjum batnaði verulega. Í desember komu 300 nýir stólar til landsins sem ætlaðir eru í stúkuna við knattspyrnuvöll og er gert ráð fyrir að þeim verði komið fyrir þegar sól hækkar á lofti, en fjölmargir stólar í stúku eru sprungnir eða brotnir. Netsamband var bætt m.a. með lagningu ljósleiðarar sem bæði nýtist við knattspyrnuvöll og í Íþróttamiðstöð.

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla fundaði reglulega á árinu um fyrirhugaðar framkvæmdir að Ásvöllum og framtíðaruppbyggingu svæðisins. Meginlínur í framkvæmdaröð uppbyggingarinnar liggja fyrir frá Haukum þar sem fyrst kemur nýr æfingasalur og er hönnun salarins lokið. Mikil áhersla er lögð á að hraða byggingu knattús, sem og áhorfendastúku og tengibyggingu við knattspyrnuvöll.

Þann 9. desember voru opnuð tilboð í byggingu körfubolta- og æfingahús við íþróttahús Hauka á Ásvöllum. Fimm tilboð bárust og buðu SP verktakar ehf. lægst, 516,6 milljónir kr. Tilboð fyrirtækisins er 94% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 549,2 milljónir kr. Verkið nær til byggingar íþróttasalar og fullnaðarfrágangs að utan sem innan ásamt frágangi lóðar. Byggingu íþróttasalar skal vera lokið og hann tekinn í notkun 2. febrúar 2018, en endanlegum frágangi á lóð skal vera lokið eigi síðar en 1. júlí 2018.

Það má því segja að ýmislegt hafi áunnist í verklegum framkvæmdum á árinu 2016 og ánægjulegt að í lok árs 2016 eru framkvæmdir við nýtt körfubolta- og æfingahús hafnar.

## **W. Blak**

Blakdeild Hauka er þakklát fyrir þann stuðning sem hún hefur fengið frá félaginu, en iðkendur félagsins hefur fjölgað ört, í raun er mun meiri fjölgun en nokkurn óraði fyrir. Tekin var ákvörðun um að koma fyrir þremur blakvöllum í sal B á Ásvöllum svo hægt yrði að bjóða upp á æfingar fyrir alla iðkendur. Í kjölfar þessarar fjölgunar var tekin ákvörðun um að ráða inn aðstoðarþjálfara til stuðnings Karli Sigurðssyni aðalþjálfara deildarinnar. Á fimmtudögum fékk deildin úthlutaðan tíma í íþróttahúsinu í Víðistaðaskóla. Til þessa að koma á mótis við iðkendur var samið um að fimmtudagsæfingarnar væru aðeins 1,5 klukkutími í staði tveggja. Hópnum var því skipt í tvennt. Því eru tvær 1,5 klukkutíma æfingar á fimmtudögum í íþróttahúsi Víðistaðaskóla í stað einnar eins og stefnt var að upphaflega.



Deildin auglýsti í fyrsta sinn haustið 2016 æfingar fyrir karlmenn. Stjórn deildarinnar ákvað að byrja hægt með að opna nýliðaæfingarnar fyrir konur og karla því ekki var vitað um áhuga og erfitt að segja til um hve aðsóknin yrði mikil. Strax á fyrstu nýliðaæfinguna mættu 23 einstaklingar, um 10 af þeim voru karlmenn. Í lok ársins 2016 var ásóknin það mikil að stjórn deildarinnar þurfti að endurhugsa æfingar fyrir karlmenn, því var stofnaður sér karlahópur sem hefur tók á að æfa 2var í viku. Starfandi hjá deildinni eru fjórir þjálfarar, Karl Sigurðsson aðalþjálfari deildarinnar, Heiðbjört Gylfadóttir, aðstoðarþjálfari, Steinunn Jenný Skúladóttir og Eric Myer.

Til þess að lið komist upp um deild þá verður það að vera í fyrstu tveim sætunum eftir veturinn. Önnur túrnering Íslandsmótsins var haldin í Kórnum í janúar 2016, þar sem Haukarnir töpuðu aðeins einum leik af fimm mjög naumlega og halda áfram í öðru sæti. Árangurinn gaf rétt til að spila í fyrsta sinn í Bikarkeppni Blaksambands Íslands á árinu 2016.

Árið 2016 er merkilegt fyrir nýstofnaða Blakdeild Hauka, en þá komst lið Haukanna upp um deild og annað lið er komið inn í deildarkeppnina og Haukar verða með 2-3 lið í 5.-6. deild í vetur. Stefnan er að sjálfsögðu að halda áfram á þessari sigurbraut og vera komin með lið í 1. deild innan skamms. Deildin hélt sitt fyrsta mót á Ásvöllum, sunnudaginn 27. nóvember síðastliðnum. Spilað var á fjórum völlum fyrir hádegi og

þremur völlum eftir hádegi. Það var góð aðsókn að mótinu og stefnir deildin að því að halda mót árlega. Mót skipta miklu máli til þess að marka stöðu innan blakheimsins og líka sem fjáröflun fyrir deildina. Helsta markmið Blakdeildar Hauka er að vaxa jafnt og þétt og verða stærsta og flottasta blakdeild á Íslandi. Í árslok 2016 eru 47 konur skráðar og 16 karlmenn. Tvö kvennalið eru skráð á Íslandsmótið, annað í 5. deild og hitt í 7. deild. Bæði liðin eru að berjast um toppsætin til þess að komast upp í efri deildir.

#### **Í stjórn Blakdeildar Hauka eru:**

- Karólína Helga Símonardóttir, formaður
- Aðalheiður Kristín Jónsdóttir, gjaldkeri
- Selma Benediksdóttir, ritari
- Ragnheiður Berg, meðstjórnandi
- Íris Helga Baldursdóttir, meðstjórnandi
- Herborg Hulda Símonardóttir, meðstjórnandi
- Hulda Guðrún Bjarnadóttir, meðstjórnandi
- Ellen Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

Ljóst er að mikill kraftur er í starfsemi blakdeildar Hauka og iðkendur deildarinnar eru staðráðnir í að taka ný og stærri skref á komandi misserum og setja þannig mark sitt á blakheiminn á Íslandi.

Úr ársskýrslu Blakdeildar

## **U. Golf**

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 og var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn. “Haukum í holu” hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. 2015.



Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi, í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka.

Keppnin er tvískipt. Í punktakeppni er keppt um Rauða Jakkann en í högggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.

Þeir félagar Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld – Baddaskjöldinn – til keppni í högggleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

Aðalstjórn félagsins gaf í fyrra farandgrip, Haukabikarinn. Keppt verður um hann í 10 ár í besta skori án forgjafar.

Haukafélagar í fyrirtækjarekstri jafnt sem einstaklingar hafa alla tíð stutt dyggilega við mótið og gefið myndarleg verðlaun, þannig að allir sem vettlingi hafa valdið og á golfkylfu haldið hafa farið heim með verðlaun í mótslok.

Myndarlegur ágóði hefur verið af mótinu alla tíð og hefur honum verið varið til eflingar starfssemi hinna ýmsu deilda Hauka.

**Haukamótið þykir með glæsilegustu mótum sem haldin eru á Hvaleyrarvelli. Fer þar saman besti golfvöllurinn og golfmót besta félagsins.**

Innan Hauka eru og hafa verið margfaldir Íslandsmeistarar í hinni göfugu golfíþrótt, má þar nefna Björgvin Sigurbergsson, Svein Sigurbergsson og Úlfar Jónsson.

**Golf-Haukar** er hópur sem kom saman á 80 ára afmæli félagsins 2011 og stofnaði klúbb sem fékk nafnið GOLF-HAUKAR. Eins og nafnið bendir til er áhugasviðið golf. Þetta er 16 manna hópur fyrrum keppnis- og stjórnarmanna úr handknattleiksdeild

félagsins sem fundu sér rólegri farveg á grænum grundum golfvalla landsins og víðar. Aldursmörkin eru 50 ára og meðlimir þurfa auk þessa að vera skráðir í Keili. Talsmenn Golf-Hauka eru þeir Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðmundur Haraldsson og Ingimar Haraldsson

## V. Veiði

**Haukur á stöng og Mokveiðideildin** hafa starfað blómlega um margra áratugaskeið og sótt björg í bú í ár og vötn innanlands og utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin sem er fjölmenn, samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins og eru inntökuskilyrði rýmri en færri komast þó að en vilja.

## W. Rekstrarfélag Hauka ehf

Aðalfundur Rekstrarfélags Hauka ehf var haldinn 22. febrúar.

Stjórn Rekstrarfélagsins skipa eftirtalin: Formaður Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson, Kjartan Freyr Ásmundsson, Haraldur Ólafsson, Magnús Ingi Óskarsson.

Varamenn: Guðborg Halldórsdóttir.

Haraldur Ólafsson vék úr stjórn á árinu.

## BB. Haukavellir ehf

Á liðnu ári var mikil umræða um framtíðaruppbyggingu á svæði Knattspyrnufélagsins Hauka, en eins og áður er ritað í ársskýrslu standa nú yfir framkvæmdir við nýjan íþróttasal og því eru forráðamenn Hauka að huga að næstu skrefum í uppbyggingu svæðisins. Ljóst er að áhersla næstu ára verður að bæta úr slakri aðstöðu knattspyrnuíðkenda, en þrátt fyrir að félagið hafi fengið gervigrasssvæði félagsins endurnýjað á árinu 2015, vantar tilfinnanlega knatthús og nýja stúku, en aðstöðumunur á milli knattspyrnuíðkenda í Hafnarfirði er orðinn óásættanlegur.

Með vísan til þess sem hér er að ofan ritað, var farið í hugmyndavinnu um framtíðarskipan á svæði félagsins, en svæðið er 15,3 ha. að stærð. Í þeirri vinnu var svæðið skoðað meðal annars með tilliti til heppilegrar staðsetningar á stóru knatthúsi, en samkvæmt skipulagi var gert ráð fyrir stóru knatthúsi sunnan við núverandi gervigrasvöll. Málin hafa hins vegar þróast á þann veg að nú er gert ráð

fyrir í drögum að nýju skipulagi að stóra knatt húsið muni rísa að norðanverðu á svæðinu, á hluta af grasæfingarsvæði, og ný grasæfingarsvæði verði síðar gerð að sunnanverðu við gervigrasvöll. Þessar breytingar á staðsetningu knatt hússins gefur tilefni til að kanna til hlýtar hvort heppilegt væri að nýta svæðið gegnt Ásvallalaug og innar með lóðarmörkum. Var þá m.a. horft til þess hvort styrkja mætti svæðið með byggingu íbúða, þjónustukjarna og annars húsnæðis sem nýst gæti í þágu Knattspyrnufélagsins Hauka.



Haukar hafa ávallt lagt mikla áherslu á að öll þau skref sem stigin verða í nýtingu svæðisins falli sem best að þörfum Hauka og nærsamfélagsins, en segja má að Íþróttamiðstöð Hauka og íþróttasvæði félagsins séu nánast hjarta samfélagsins á Völlum. Í vinnu okkar undanfarna mánuði höfum við unnið að þarfalýsingu Knattspyrnufélagsins til langs tíma, þar sem horft er til uppbyggingar íþróttamannvirkja og einnig hvernig hægt væri að nýta svæðið sem best á fjölbreyttan hátt.

**Aðalstjórn Hauka sendi bréf til bæjarráðs fyrir skömmu þar sem leitað er eftir formlegri heimild bæjarráðs og skipulagsyfivalda að hefja nú þegar vinnu við breytingu á aðal- og deiliskipulagi á þeim 15,3 hekturum sem Knattspyrnufélagið hefur til umráða.**

Knattspyrnufélagið Haukar býður upp á margþætta þjónustu við nærumhverfið og félagið telur það góðan kost að nýta svæðið sem best. Þétting byggðar er einn af þeim þáttum sem aðalstjórn Hauka hefur haft til hliðsjónar við hugmynda- og þróunarvinnu um framtíðaruppbyggingu á svæði félagsins og bygging íbúða fyrir íbúa ,50 ára og eldri, á ekki að raska þjónustupáttum Vallarhverfisins, miklu fremur að það styrki heildaruppbyggingu í hverfinu öllu og staðsetning nærri Íþróttamiðstöð Hauka, Ásvallalaug, og verslunar- og þjónustukjarna, er afar ákjósanleg.

**Spyrja má sig hvort það sé hlutverk Knattspyrnufélagsins að leggja til við bæjaryfirvöld að óska eftir að hluti af íþróttasvæði verði nýttur fyrir íbúðabyggð. Því er til að svara að Knattspyrnufélagið Haukar leitar á hverjum tíma nýrra leiða til að styrkja enn frekar öflug íþróttastarf á svæði félagsins, en er um leið virkur þátttakandi í mótun og gerð samfélagsins. Nýjum, frjóum hugmyndum, ættu bæjaryfirvöld að taka fagnandi og fjárfesting í nýju húsnæði og nýjum íbúum ætti að vera gleðiefni. Nýtt stórt knatthús er dýr fjárfesting, en nauðsynleg, í ört vaxandi nærumhverfi sem innan fárra ára telur vel yfir 20 þúsund íbúa. Ef hugmyndir Hauka ná fram að ganga er ljóst að hugmyndir um stórt knatthús verður að veruleika innan ekki svo langs tíma. Þörfin er mikil.**

## **CC. ÍBH**

Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson og varamaður Samúel Guðmundsson.

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945** að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið eins og kunnugt er, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Um nokkurra missera skeið hefur verið í undirbúningi að skerpa á stefnu og framtíðarsýn ÍBH með það að markmiði að styrkja starf og stöðu bandalagsins og móta sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaganna að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsaðherslum sem ÍBH og aðildarfélag bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur vinnunnar er því skýr stefna og áherslur ÍBH, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Með stofnun ÍBH fyrir 70 árum var grunnur lagður að frekari eflingu íþróttanna í Hafnarfirði og sé litið til þeirra áratuga sem liðið hafa frá stofnun Íþróttabandalagsins sést að breytingar í íþróttaiðkun og aðstöðu allri er auðvitað ekki saman að líkja. Hvert íþróttamannvirkið af öðru hefur risið og afrek hafnfirskis íþróttafólks hafa verið eftirtektarverð. Þannig má segja að grunnur að Íþróttabænum Hafnarfirði hafi verið lagður fyrir margt löngu.

Á formannafundi sem haldinn var haustið 2014 var m.a. samþykkt einróma að bygging nýs íþróttasalar á Ásvöllum væri næsta verkefni í byggingu íþróttamannvirkja. Það er því ánægjulegt að nú eru framkvæmdar hafnar við nýja íþróttasalinn, en samningar um bygginguna voru formlega undirritaðir á 85 ára afmæli milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka. Mun nýr íþróttasalur á Ásvöllum bæta mjög úr brýnni þörf fyrir íþróttæfingar og keppnir, en einn æfingarsalur á Ásvöllum hefur engan veginn getað annað þeirri þörf síðustu ár.

## DD. Fjármál

Rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka er fjölþættur, eins og framlagðir ársreikningar félagsins bera með sér. Rekstur félagsins er tvískiptur, annars vegar er um að ræða umsýslu Knattspyrnufélagsins Hauka og hins vegar Rekstrarfélags Hauka ehf., en félagið er að öllu leyti í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka og hefur það hlutverk að sjá um rekstur meistaraflokka félagsins í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu. Heildartekjur félaganna á árinu 2016 voru samtals um 495 milljónir króna, en heildar rekstrarútgjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði voru kr. 479 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var jákvæð um tæpar 14 milljónir króna. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2016 eru kr. 266 milljónir, en skuldir samstæðunnar nema um 107 milljónum króna, þar af langtímaskuldir kr. 15 milljónir.

Rekstur íþróttafélags er í eðli sínu mjög sveiflukenndur. Helgast það ekki síst af þeirri staðreynd að tekjuflæði er óstöðugt og nokkuð ótryggt, en uppspretta fjármagns er háð mörgum ólíkum þáttum. Má þar til nefna samstarfssamninga við fyrirtæki, rekstrar- og þjónustusamninga við Hafnarfjarðarbæ sem og styrkveitingar sem sumar hverjar eru háðar árangri og sýnileika afreksfólks Hauka, sem og efnahagslegir þættir er lúta að iðkendum og fjölskyldum þeirra, svo fátt eitt sé nefnt.

**Nokkuð hefur verið rætt um kostnaðarhlutfall við byggingu íþróttamannvirkja innan íþróttahreyfingarinnar, en kostnaðarhlutfall hefur verið þannig háttað á undanförunum árum að Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram 90 % framkvæmdakostnaðar á móti 10% framlagi frá viðkomandi íþróttafélag. Áður var þessi kostnaðarskipting 80% framlag Hafnarfjarðarbæjar á móti 20% framlagi íþróttafélags. Er þar vísað til 7. greinar í samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH.**

Nú háttar svo til á Ásvöllum að með sérstöku samkomulagi á milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka frá 2012 að Hafnarfjarðarbær eignaðist Íþróttamiðstöð Hauka að fullu, en Haukar eiga Samkomusal félagsins sem og allt skrifstofurými. Með vísan til þessa og einnig þess að framkvæmd nýja kennslu- og íþróttasalarins sem nú verður byggður er alfarið á höndum Hafnarfjarðarbæjar óskaði Aðalstjórn Hauka þess að nýr kennslu – og íþróttasalur sem nú er í byggingu verði

alfarið í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Knattspyrnufélagið Haukar rekur fjölþætta starfsemi á Ásvöllum og telur að meira skipti að geta einbeitt sér að kröftugu, uppbyggilegu, íþróttastarfi í stað lítils eignarhluta í nýjum kennslu- og íþróttasal á Ásvöllum. Með vísan til þess sem hér er að ofan ritað, sendi félagið bréf til bæjarráðs Hafnarfjarðar, þar sem þess er farið á leit að eignarhald á nýjum íþróttasal verði alfarið í höndum Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar litið er til reksturs Knattspyrnufélagsins Hauka og Rekstrafélags Hauka má segja að reksturinn sé í járnum. Heldur hefur þó birt til, en stöðugt aðhald er lykilatriði í rekstri félagsins. Það skiptir verulegu máli að rekstrargrunnur félagsins sér traustur og forráðamenn félagsins leita stöðugt nýrra leiða til að bæta fjárhagslega stöðu félagsins. Það getur hins vegar verið erfiðleikum bundið að reka félagið svo ásættanlegt sé ef ekki tekst að treysta betur fjárhagslegan stöðugleika með betra og öruggara fjárstreymi til lengri tíma.

Mörg spennandi verkefni eru framundan, bygging nýs íþóttasalar, bætt félagsaðstaða, heildarendurskoðun á nýtingu félagssvæðis Hauka og margvíslegar umhverfisbætur. Allt eru þetta þörf og brýn verkefni sem Haukar og reyndar íbúar í nærumhverfi telja nauðsynleg. Það er hins vegar nauðsynlegt að allir leggist á árar þannig að rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka verði enn traustari og frekari uppbyggingin á Ásvöllum verði að veruleika, samfélaginu til heilla.

## **EE. Hafnarfjarðarbær**

Á liðnu ári var undirbúningi haldið áfram að frekari framkvæmdum á Ásvöllum, en á árinu 2015 var lokið við að leggja nýtt gervigras á aðalkeppnisvöll félagsins. Var sú endurnýjun á gervigrasinu afar kærkomin, en eldra gervigras var frá árinu 2005. Það var því mikið gleðiefni þegar undirritaður var samningur um smíði á nýjum íþróttasal þann 12. apríl 2016, á 85 ára afmæli Hauka. Samningurinn var undirritaður af formanni félagsins, Samúel Guðmundssyni, og bæjarstjóra, Haraldi Línal Haraldssyni. Var það í framhaldi af undirbúningsvinnu framkvæmdanefndar, en Haukar hafa átt gott samstarf við bæjaryfirvöld og fulltrúa bæjarins í framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla. Í framkvæmdanefndinni sitja fyrir hönd Hauka þeir Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson, Magnús Gunnarsson og Ágúst Sindri Karlsson

### **Endurskoðun samstarfs- og rekstarsamnings.**

Allt frá byrjun árs 2014 hefur verið rætt um nauðsyn þess að bæjaryfirvöld endurskoðuðu samstarfs- og rekstrarsamninga við ÍBH og aðildarfélag þess. Var þar rætt um hlutverk og verkefni hópsins, en fundarmenn voru sammála um að hlutverkið væri tvíþætt, annars vegar endurskoðun samstarfs- og styrktarsamninga

og hins vegar rekstrarsamninga íþróttamannvirkja. Samninginn milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar væri einnig nauðsynlegt að yfirfara með vísan til þeirrar miklu skerðingar á rekstrarsamningum sem tóku gildi 2011 og er það skýr krafa frá ÍBH að sú skerðing verði dregin til baka.

Þráðurinn var svo tekinn upp að nýju á árinu 2015 og hafa bæjaryfirvöld, ÍBH og íþróttafélögin haldið fjölmarga fundi um breyttar áherslur í nýjum samningum milli Hafnarfjarðarbæjar, ÍBH og íþróttafélaganna. Er þar lagt upp með að annars vegar verði um að ræða sérstakan rekstrarsamning sem gildir um rekstur íþróttamannvirkja og hins vegar þjónustusamning, þar sem komið yrði til móts við íþróttahreyfinguna með fjárframlagi sem skilgreint yrði í nýjum samningi.

Það var því ánægjulegt að á þeim ágæta afmælisdegi Knattspyrnufélagsins Hauka, þann 12. apríl 2016, var nýr rekstrar- og þjónustusamningur undirritaður milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka. Þar var komið til móts við félagið varðandi nokkur þau atriði sem skipta verulegu máli og fjárframlag aukið varðandi ákveðna þætti í samningi aðila. Það má því segja að aðilar hafi þokast nær þeim markmiðum sem sett voru fram af íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði. Það er hins vegar nauðsynlegt að Hafnarfjarðarbær haldi áfram vöku sinni með stuðningi við íþróttastarfsemi í bæjarfélaginu, en eitt af grunngildum okkar Hafnfirðinga hefur ávallt verið að standa vel að baki sínu glæsilega íþróttafólki.

Samskipti Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka hafa alla jafna verið góð og samskipti félagsins við bæjaryfirvöld bæði mikil og nauðsynleg. Knattspyrnufélagið Haukar gegnir þýðingarmiklu hlutverki í nærsamfélagi þeirra byggða sem næst liggja íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum. Því eru miklir hagsmunir allra aðila að vel sé staðið að málum og að horft sé með bjartsýni og dug til framtíðar.

Á haustmánuðum 2016 hófust framkvæmdir við nýjan íþróttasal við Íþróttamiðstöðina að Ásvöllum og er gert ráð fyrir að því verki verði lokið að fullu í febrúar árið 2018 og að endanlegum frágangi verði einnig lokið á sumarmánuðum 2018. Lengi hefur verið beðið eftir nýjum íþróttasal, en ört vaxandi hverfi í nágrenni Ásvalla kallar á bættu íþróttastöðu og bygging íþróttasalarins því afar góð viðbót við þá góðu innanhúsaðstöðu sem fyrir er í Íþróttamiðstöðinni.

Næsta verkefni er augljóslega að bæta aðstöðu fyrir iðkendur í knattspyrnu, en hér skortir tilfinnanlega knatthús og nýja stúku sem væntanlega verða næstu framkvæmdir hér á Ásvöllum. Er það einlæg von félagsins að Hafnarfjarðarbær komi að þeirri framkvæmd, fyrr en síðar.

Knattspyrnufélagið Haukar vill þakka starfsfólki og stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar fyrir afar áægjulegt samstarf á liðnu ári. Hlutverk okkar Haukanna er að sækja fram, hvort heldur er á sviði íþróttanna eða í þeirri viðleitni að bæta enn frekar aðstöðu hér á Ásvöllum. Kraftmikið starf sem lýtur að velferð og góðu uppeldi er gulls í gildi. Því markmiði viljum ná í góðum samskiptum okkar við íbúana og bæjaryfirvöld.

## FF. Lokaorð

Haukar fara bjartsýnir inn í komandi framkvæmdaár þar sem við munum sjá nýjan íþróttasal rísa hér við Ásvelli sem gjörbreyta mun aðstöðu okkar glæsilega íþróttafólks.

Við væntum áfram góðs árangurs hjá okkar ungu og bráðefnilegu meistaraflokksliðum sem öll eru borin uppi af leikmönnum sem aldir eru upp innan raða Hauka. Með allan þann efnivið sem viðurkenningu fékk á viðurkenningarhátíð Hauka um síðustu áramót þarf ekki að kvíða framtíð Hauka.

Íþróttafélög í fremstu röð hér á landi eins og Haukar munu ekki eflast og dafna nema að sjálfboðaliðar vinni gríðar mikið og óeigingjarnt starf fyrir sitt félag. Haukar hafa á að skipa fjölmennu og öflugum liði sjálfboðaliða sem vinna ómetanlegt og gott starf fyrir félagið. Sjálfboðaliðum Hauka er þakkað fyrir gríðarlega gott starf fyrir félagið á liðnu ári.

Liðið starfsár hefur mjög viðburðaríkt og jafnframt ánægjulegt. Ár þar sem tekist hefur að halda áfram öflugum starfi við að styrkja rekstur félagsins sem og að mjög góður árangur er að nást íþróttalega hjá deildum félagsins.

Jafnframt hefur Hafnarfjarðarbær aukið stuðning sinn við uppbyggingu félagsins eins og fram hefur komið hér að framan. Mörg spennandi verkefni við viðhald og uppbyggingu okkar öfluga félags er fram undan eins og fram hefur komið hér að framan og hef ég ákveðið að bjóða fram starfskrafta mína til að stýra Haukum áfram næsta starfsár.

Helstu verkefni á komandi starfsári eru:

- **Halda áfram vinnu við að ná betra jafnvægi og styrkja rekstur félagsins. Nauðsynlega þarf að greiða niður íþyngjandi rekstrarskuldir félagsins.**
- **Vinna áfram að uppbyggingu Ásvalla þar sem markmiðið er að hefja byggingu knattspyrnuhúss við Ásvelli ekki síðar en á árinu 2019.**
- **Stuðla að nýliðun í sjálfboðaliðastarfi fyrir félagið og hvetja yngra fólk til að starfa fyrir Hauka.**

Mörg önnur verkefni bíða nýrrar aðalstjórnar á næsta starfsári við að halda áfram uppbyggingu okkar öfluga félags.

Áfram Haukar

Samúel Guðmundsson, formaður